

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. júní 1931.

Nr. 95/1930. Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson).

gegn

Oluf Christensen (Lárus Fjeldsted).

Sýknun af kæru um brot gegn lögum um bann gegn dragnótaveiði.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 30. maí 1930: Kærði, Oluf Christensen, á innan fjögra vikna að greiða til Fiskiveiðasjóðs Íslands sekt að upphæð kr. 6000,00, en afplána hana með fjögra mánaða og einnar viku einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir og allur afli innanborðs á skipinu „Vendsyssel“ vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þann 27. maí f. á. kom varðskipið Ægir að fiskiskipinu Vendsyssel, F. N. 548, sem kærði var skipstjóri á, þar sem það lá fyrir akkeri út af Eyjafjallasandi undan vesturenda Steinafjalls, og hafði kærði þá dragnót sína í sjó, er lögð hafði verið út frá skipinu með um 2000 metra streng. Var legustaður skipsins ákveðinn með hornmælingum varðskipsins þannig:

Seljalandsheiði

> 81° 07'

Drangshlíðarfjall

> 33° 22'

Portlandshorn

og hefir skipið samkvæmt þessum mælingum verið 0,15 sjómílu innan við landhelgislinuna, eins og hún hefir verið ákveðin 5. nóv. 1928, en þá var hún á þessum stað sett um hálfa sjómílu utar en verið hafði áður. En þar sem hér er aðeins bugða inn í ströndina, en ekki fjörður, flói eða vík, þá er eigi heimilt að telja landhelgina ná lengra út en þrjár sjómílur frá landi, og þar sem ennfremur sjóuppsdráttur sá, er lagður hefir verið fram í réttinum sýnir, að skip kærða hefir legið um 3,5 sjómílu frá landi, þá var það eigi í landhelgi, er varðskipið kom að því.

Um legu dragnotarinnar og afstöðu hennar til skipsins hefir skipherra varðsupsins getið þess í skýrslu sinni, að honum hafi virzt vörpustrengirnir liggja í austur frá skipinu og á ská inn í landhelgina, sem svari því að varpan hafi verið um hálfa sjómílu nær landi en skipið. Kærði hefir hinsvegar borið það, og styðst þar við skýrslu skipshafnar sinnar, að hann hafi lagt um 1600 metra af nótarstrengnum í S.A. frá skipinu og nótna sjálfa í áttina til lands og hafi nótnin því eigi verið nær landi en legustaður skipsins. En þetta atriði hefir eigi verið rannsakað neitt frekar og verður það því heldur eigi talið nægilega sannað, að nótnin hafi verið lögð eða dregin í landhelgi.

Samkvæmt þessu er eigi fengin örugg sönnun fyrir því, að kærði hafi í umrætt skipti verið að dragnotaveiðum í landhelgi og verður því að sýkna

hann af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og leggja allan kostnað sakarinnar á almannafé, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Oluf Christensen, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og á upptekt afla og veiðarfæra í skipi hans, Vendsyssel F. N. 548 að falla niður

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Fjeldsted, 50 kr. til hvors þeirra.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt kæru skipherrans á varðskipinu „Ægir“, dags. 28. þ. m., var kærði í máli þessu, Olaf Christensen, staddur á landhelgissvæðinu á skipi sínu mótorkúttur „Vendsyssel“, F. N. 548, frá Frederikshavn, á veiðum. Skip þetta stundar dragnótaveiði. Samkvæmt skýrslu varðskipisins var skipið 0,15 úr sjómilu innan landhelgislinunnar. Þessa skýrslu hefir kærði ekki véfengt, en tekið fram, að hann hafi ekkí vitað um það, hvernig landhelgislinan var talin, þegar um bugður væri að ræða inn í landið, en þessi staðhæfing kærða, þó sönn kunni að vera, getur ekki orðið honum til sýknunar, þá skiptir það engu máli, hvernig dragnótin lá, þar sem sjálft skipið er inni á landhelgissvæðinu.

Samkvæmt framanskráðu hefir kærði gert sig brotlegan gegn lögum nr. 55, um bann gegn dragnótaveiði frá 7. maí 1928, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin, með til-liti til að gildandi gullgengi krónunnar er 81,79, kr. 6000,00. Sektin rennur í Fiskiveiðasjóð Íslands. Afplánist sektin

með fjögura mánaða og einnar viku einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldar dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áður-nefndu skipi vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærði allan kostnað, sem orðinn er og verður.

Laugardaginn 20. júní 1931.

Nr. 73/1930. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Georg Genuttis (Jón Ásbjörnsson).

Sýknun af kæru um botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 9. júní 1930: Kærði, Georg Genuttis, á að greiða sekt til Landhelgisjóðs Íslands, kr. 16000,00, innan fjögura vikna. En fáist sektin ekki greidd ber kærða að afplána hana með 8½ mánaða einföldu fangelsi. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum B. X. 176, Bredebeck, frá Bremerhaven vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Svo greiði kærði og allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir meðal annara gagna verið lagður fram sjóuppdráttur, er forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað á miðanir og mælingar varðskipsins og sýnir uppdráttur þessi stað þann, er kærði nam staðar á með botnvörpu úti, stað varðskipsins á ýmsum tímum og miðunarlínur varðskipsins til skips kærða, þar á meðal miðunarlínuna kl. 17,05, en þá var skip kærða næst landi og innan við línu þessa, án þess upplýst